

Arðgreiðslustefna Regins hf.

Stjórn Regins hf. („Reginn“ eða „félagið“) hefur markað félaginu þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum.

Með vísun í fjárfestingarstefnu félagsins hyggst Reginn hf. halda skuldsetningu félagsins sem hlutfalli af fjárfestingareignum undir 65% og að raunávöxtun eiginfjár verði að jafnaði yfir 10%.

Stefnt er að því að Reginn hf. greiði til hluthafa sinna fjárhæð sem nemur um 1/3 hluta hagnaðar næstliðins rekstrarárs annað hvort í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum.

Félagið stefnir að reglubundnum arðgreiðslum og kaupum á eigin bréfum, skv. formlegri endurkaupaáætlun, í þeim tilgangi að lækka hlutfé félagsins, sé svigrúm til þess.

Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslu eða atvikum fjárhæð sem varið er til kaupa á eigin bréfum í þeim tilgangi að lækka hlutfé félagsins skal litið til þess að félagið viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu og jafnframt að tekið sé mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eigin- og lausafjárstöðu.

Mun tillögugerð stjórnar til aðalfundar hvers árs taka mið af stefnu þessari.

Staðfest af stjórn Regins hf. þann 5. apríl 2022

Benedikt Olgeirsson

Bryndís Hrafnkelsdóttir

Guðrún Tinna Ólafsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Tómas Kristjánsson

